

6. gr.

Prófnefnd skal kanna einkunnagjöf hvers skóla á hinum samræmdu prófum með athugun á úrtaki úrlausna. Ef misræmis eða frávika frá matsreglum nefndarinnar verður vart, skulu prófnefndarmenn gera skólastjóra og viðkomandi kennurum eða prófdómendum aðvart. Nefndin hefur heimild til að breyta einkunnum skólans, ef um verulegt misræmi er að ræða.

7. gr.

Fyrir 1. september ár hvert skal prófnefnd senda skólunum drög að námskrá í landsprófsgreinum gagnfræðaprófs og gera nokkra grein fyrir kröfum næsta prófs og gerð þess. Bent skal á helztu atriði, er leggja ber áherzlu á í kennslunni, en ekki skal afmarkað ákveðið lesefni í sérstökum bókum.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 48/1946 um gagnfræðanám, og fer próf fram samkvæmt henni í fyrsta sinn vorið 1969. Reglugerðina skal endurskoða fyrir 1. ágúst 1970 í ljósi fenginnar reynslu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Til undirbúnings samræmdu gagnfræðaprófi skulu fara fram könnunarpróf í íslenzku, dönsku, ensku og stærðfræði vorið 1968 samkvæmt nánari fyrirmælum prófnefndar og fræðslumálaskrifstofu.

Í menntamálaráðuneytinu, 22. janúar 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius

2. janúar 1968.

Nr. 3.

REGLUR

um umferð og athafnir í kirkjugörðum Reykjavíkur, lóðum þeirra og löndum.

1. gr.

Kirkjugarðarnir eru friðhelgir. Þar er bönnuð öll óþarfa umferð, leikir og hvers konar hávaði.

2. gr.

Börn mega eigi hafast þar við, nema í fylgd með fullorðnum, sem þá beri ábyrgð á hegðun þeirra.

3. gr.

Öll umferð vélknúinna ökutækja og reiðhjóla er bönnuð þar, nema með sérstöku leyfi hverju sinni. Sömu leiðis er bannað að fara þar um með hesta, hunda og önnur dýr.

4. gr.

Nú er leyfð umferð ökutækja samkvæmt ákvæðum 3. greinar, og má þá hraði ökutækja aldrei fara fram úr 20 km miðað við klukkustund.

5. gr.

Aðstandendur þeirra, sem jarðsettir eru í grafreitum eða duftreitum kirkjugarðanna, svo og allir þeir, sem um lönd kirkjugarðanna fara, verða að hlíta þeim reglum, sem þar gilda hverju sinni.

6. gr.

Enginn má framkvæma vinnu í görðunum, sem kaup eða gjald kemur fyrir, nema með leyfi og undir eftirliti kirkjugarðsstjórnar. Öll helgidagavinna er bönnuð.

7. gr.

Eigi má skilja eftir á leiðum eða götum garðanna; mold, jurtaleifar, eða nokkuð annað, sem óprýði, óþrifum eða truflun getur valdið. Allt slíkt skal setja í til þess ætluð ílát eða á til þess ætlaða staði.

8. gr.

Allan mannsafnað, sem að mati kirkjugarðsstjórnar, eigi telst viðeigandi, að safnist þar saman, skal banna og varna, að komi þar saman.

9. gr.

Eigi má setja girðingar úr steini, málmí eða timbri um einstök leiði eða fjöl-skyldugrafreiti. Eigi má gera grafhýsi í kirkjugarði.

10. gr.

Eigi má án leyfis kirkjugarðsstjórnar gróðursetja tré, runna, né neina plöntu viðarkyns.

11. gr.

Greinar trjáa og runna mega eigi ná út fyrir endamörk legstæðisins, séu þær eigi hærra en 2 metra frá jörðu.

12. gr.

Eigi má sá til eða gróðursetja, neins staðar í löndum Kirkjugarða Reykjavíkur, þær jurtir, sem með sjálfsáningu, rötarskoti eða á annan hátt offjölgar, svo að þau valdi óeðlilega mikilli vinnu við hirðingu.

13. gr.

Sái einhver eða gróðursetji slíkar jurtir, sem um ræðir í 12. grein, ber honum að greiða kostnað, sem leiða kann af útrýmingu þeirra.

14. gr.

Eigi má, án leyfis kirkjugarðsstjórnar, fjarlægja neitt af grafarstæðum, svo sem minnismarki, blóm, trjágróður o. s. frv.

15. gr.

Stjórn Kirkjugarða Reykjavíkur ber eigi skaðabótaábyrgð á, þótt umbúnaður grafarstæðis, minnismarki, gróður eða annað, sem á grafarstæði kann að vera, verði fyrir skemmdum eða ónýttist af völdum náttúruafla eða skemmdarvarga.

16. gr.

Minnismarki skulu, að stærð og útliti, vera samkvæmt reglum þeim, sem gilda kunna á því svæði kirkjugarðsins, sem um er að ræða hverju sinni.

17. gr.

Minnisvarðar á duftreitum Kirkjugarða Reykjavíkur mega aðeins vera púltsteinar.

Stærð þeirra skal vera

Á einstaklingsreitum	5/15	40 × 35 cm.
Á fjölskyldureitum	8/18	50 × 45 cm.

18. gr.

Frágangur minnismerkja skal vera svo traustur, að þau hvorki raksi, né spyrni til jarðvegi, þótt gröf sé tekin við hlið þeirra.

19. gr.

Þegar minnismerki, umbúnaður grafar og þess háttar, er svo úr sér gengið og/eða komið að falli, svo að af stafar hætta, eða er til óþrýði, skal gera umráðamanni grafarstæðisins aðvart. Beri það eigi árangur eða náist eigi til hans, má fjarlægja umgerðina og/eða minnismerkið. Skal það þá gert í samræmi við fyrir-mæli 16. greinar laga nr. 21 23. apríl 1963.

20. gr.

Grafarstæði, sem verið hefur í óhvirðu í 3 ár samfleytt, skal kirkjugarðsstjórnin láta tyrfa, malbera, eða gera aðrar ráðstafanir við, sem auðvelda umhvirðu á því.

21. gr.

Eigi skulu skaðabætur koma til réttihafa grafarstæðis, ef beita verður ákvæðum 19. eða 20. greinar.

22. gr.

Þótt grafarfríðun sé útrunninn, skal eigi flytja uppistandandi minnismerki eða raska umbúnaði grafarstæðisins, sé það í góðu ásigkomulagi.

23. gr.

Auk framantalinna sérreglna, gildir Lögreglusamþykkt Reykjavíkur, eftir því sem við á, á öllum athafnasvæðum Kirkjugarða Reykjavíkur.

24. gr.

Mál, sem kunna að rísa út af reglum þessum, skal fara með samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Brot gegn reglum þessum varða sektum frá krónum 500.00 til króna 5000.00, ef eigi liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

Ef yfirsjón barns yngra en 15 ára, er að kenna skorti, foreldra eða forráðamanna, á umsjón þess, skulu þeir bæta það tjón, sem af kann að hafa hlotizt.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 34. grein laga nr. 21 23. apríl 1963, um kirkjugarða.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. janúar 1968.

F. h. r.

Baldur Möller.

Ólafur Björnsson.

REGLUGERÐ

um umferðarbann, lækkun hámarkshraða o. fl. í sambandi við gildistöku hægri umferðar.

1. gr.

Í sambandi við breytingu úr vinstri umferð í hægri, sem kemur til framkvæmda kl. 06.00 26. maí 1968, eru settar eftirfarandi reglur um umferðarbann, lækkun hámarkshraða o. fl.